

AUGLÝSING

87

16. júní

um viðauka við reglugerð nr. 140 5. ágúst 1941, um breyting á reglugerð um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði, nr. 138 25. júlí 1939.

Við reglugerðina bætist: Hreppsnefnd er heimilt að hækka öll bryggjugjöld og gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, án þess að samþykki sýslunefndar eða ráðuneytis komi til.

Reglugerðarviðauki þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

88

18. júní

fyrir vatnsveitu Hríseyjarkauptúns.

1. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, annast vatnsveitunefnd. Skal hún skipuð þrem mönnum, heimilisföstum í Hrísey, og tilnefnir hreppsnefnd einn þeirra, en hinir tveir skulu kosnir á miðsvetrarfundum hreppsins ár hvert.

Vatnsveitunefndin annast bókhald vatnsveitunnar og innheimtu vatnsskatts og fær fyrir það þóknun, er ákveðin skal á miðsvetrarfundum ár hvert. Nefndin getur falið einum manni úr sínum flokki störf þessi, en bera skal hún ábyrgð á störfum þess manns í þágu vatnsveitunnar.

2. gr.

Af öllum húsum í kaupúninu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í og standa á svæðinu frá Stekkjarnesi að Saltnesi og lægra en vatnsþróin, skal greiða vatnsskatt, enda eiga húseigendur rétt á að fá vatnsæð lagða að húsvegg, ef íbúð er í húsinu eða ef fiskverkun eða sildarverkun fer þar fram. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna.

3. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, þeim er vatn nota, og 2. gr. heimilar, og má eigi fara fram úr 6% af fasteignamatsverði hvers húseignar. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa og gjaldskrá nær eigi til.

4. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja vatnsmæla við sildar- eða fiskverkunarstöðvar, ef henni þykir ástæða til, enda greiði stöðvareigandi 12 kr. á ári í mælisgjald og greiðist sérstakt gjald fyrir hverja smalest vatns, sem er fram yfir venjulega notkun á tunnu sildar, kjöts eða á skippund, samkvæmt gjaldskránni.